

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu á Akureyri.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald) í lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar.

2. gr.

Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis verði kr. 11.500.
Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldflokkar vegna förgunar frá fyrirtækjum verði þrír:

	kr. pr. kg án vsk.
a) Almennur úrgangur óflokkaður	4,70
b) Slátur- og fiskiúrgangur	5,70
c) Timbur	3,20

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar 14. desember 2006. Gjaldskráin er sett með tilvísun til heimildar í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 og ákvæða 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvanir, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

5. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá nr. 1143/2005 fellur úr gildi frá sama tíma.

Samkv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra samþykkt ofangreinda gjaldskrá 10. janúar 2007.

Akureyri, 11. janúar 2007.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.